



Dómsmálaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Kópavogur, 15. ágúst 2022.
Málsnr. 1910005/PBG/HH

Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um drög að frumvarpi til laga um sýslumann, mál 122/2022

Með vísan til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda þar sem kallað er eftir umsögnum um ofangreint frumvarp vilja SSH koma eftirfarandi á framfæri:

Af þeim umsögnum sem þegar liggja fyrir má ráða að umsagnaraðilar kalli almennt eftir frekara samráði og samtali um ofangreint frumvarp. Einnig má í umsögnum greina nokkra gagnrýni á að annars vegar sé ekki að fullu ljóst af drögunum hvernig markmiðum frumvarpsins, s.s. um eflingu og bætingu þjónustu við almenning, verði náð né að þeim verði ekki náð með öðrum hætti en þeim að fækka embættum sýslumanns úr níu í eitt.

SSH taka undir framangreinda gagnrýni.

Þá veur það athygli samtakanna að því sé slegið föstu í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsdraganna að aðsetur sýslumanns skuli vera utan höfuðborgarsvæðisins. Í sjálfu sér kann að mega rökstyðja slíka tilhögun komi til þess að sýslumannsembættum verði fækkað með þessum hætti, en að mati samtakanna er óvarlegt að slá þessu föstu án þess að farið hafi fram faglegt staðarval eða ítarleg greining á hagkvæmni þess eða þjónustuþörf einstakra landshluta. Þá liggur ekki fyrir endanleg svæðisskipting eða fagsvið hvers svæðis. Í athugasemdum í greinargerð með áður nefndu ákvæði kemur fram að í ljósi tengsla frumvarpsins við stefnumótandi byggðaáætlun stjórnvalda og áherslumál ríkisstjórnarinnar um að efla starfsemi hins opinbera á landsbyggðinni sé mikilvægt að aðsetur sýslumanns sé utan höfuðborgarsvæðisins. Í þessu samhengi er áréttað að ráða má af frumvarpsdrögunum og umsögnum við þau að ekki sé ljóst með hvaða hætti starfsstöðvar á landsbyggðinni eflist nái breytingar þær sem lagðar eru til í drögunum fram að ganga. Er hér sérstaklega vísað til efasemda sem fram hafa komið um að fyrirbyggjandi frumvarpsdrög samræmist markmiðum þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun.

Í þessu samhengi er einnig rétt að minna á að í umsögnum sínum um grænbók og hvítbók um byggðamál og byggðaáætlun hafa samtökin ítrekað bent á mikilvægi þess að horft sé til landsins alls þegar rætt er um byggðaáætlun sem eigi að snúast um þróun byggða og samfélag á landinu öllu. Í raun er ekkert höfuðborgarsvæði án landsbyggðar og heldur engin landsbyggð án öflugss höfuðborgarsvæðis með skilgreint hlutverk. Þess vegna ætti að horfa á landið sem heild, fremur en að það sé brotið upp í byggðaáætlun, og leita leiða til að efla það og styrkja, ekki síst út frá samkeppnishæfni þess.



Hvað framangreind frumvarpsdrög varðar þarf í öllu falli að vera öruggt að íbúum höfuðborgarsvæðisins sé tryggð full þjónusta og að hagkvæmni og skilvirkni þess fyrirkomulags sem lagt er til með frumvarpinu liggi fyrir. Vakin er athygli á því að stærstur hluti landsmanna, eða um 64%, býr á höfuðborgarsvæðinu, og meðan ekki liggur að fullu fyrir hvernig yfirlýstum markmiðum frumvarpsins um bættu þjónustu við almenning og aukið framboð stafrænnar þjónustu verði náð er að mati SSH óeðlilegt að taka það landsvæði út fyrir sviga með þeim hætti sem gert er í fyrirbyggjandi drögum.

Að endingu lýsa SSH sig reiðubúin til frekara samráðs og samtals við ráðuneytið við frekari vinnslu þessa frumvarps.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH